

ÍSLENSKA Í GRUNNSKÓLUM OG FRAMHALDSSKÓLUM

Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar). (2018). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 273 bls.

Bókin *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* kom út í kilju hjá Háskólaútgáfunni árið 2018. Hún byggist á skrifum um rannsóknarverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* (skammstafað ÍNOK). Að því komu Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kennaradeild Háskólans á Akureyri, Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, fjórtán meistaranemar og tveir doktorsnemar. Rannsóknin hlaut styrki úr Áslaugarsjóði, frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Fræðilegur ritstjóri var Soffía Auður Birgisdóttir og ráðgjafi Gerður G. Óskarsdóttir. Inga Berg Gísladóttir og Katrín Jónsdóttir afrituðu viðtölin. Rafn Kjartansson þýddi útdrátt hvers kafla á ensku.

Bókin er 273 síður, prentuð í svarthvítu. Forsíðu prýðir ljósmynd í lit. Efni bókarinnar er skipt í níu kafla. Þrjú þeirra rita allir höfundar bókarinnar saman, það er inngangskafli, kafli um framkvæmd og stuttan kafli um meginniðurstöður í lok bókarinnar. Öðrum köflum skipta þeir milli sín og er fjallað um einn afmarkaðan þátt námsgreinarinnar íslensku í hverjum þeirra. Ekki kemur fram í efnisyfirliti hver er höfundur hvers kafla.

Í bókinni er fjallað um rannsókn þar sem viðfangsefnið var námsgreinin íslenska og íslenskukennsla, skilningur skólakerfisins á íslensku sem námsgrein, túlkun skólakerfisins á íslenski tungu og menningu og notkun tungumálsins í skólakerfinu (bls. 13). Meginmarkmið hennar var að varpa ljósi á stöðu íslenskunnar í skólum, bæði sem kennslugreinar og kennslutungu. Einnig er ætlunin að niðurstöðurnar verði nýttar sem grunnur að þróunarstarfi í skólum og kennaramenntun með stuðningi rannsóknarhópsins. Í bókinni kemur fram að frá upphafi hafi markmið rannsóknarinnar verið að vekja áhugaverðar spurningar, gefa vísbendingar um gagnlega umræðu, skýra heildarlínur og beina athygli að nýjum sjónarhornum í rannsóknarstarfi (bls. 14).

Til að setja rannsókninni fræðilegan ramma er stuðst við skiptingu Aristótelesar í *episteme*, *tekhne* og *frónesis* og tekið fram að hugsunina í þessari þrískiptingu megi einnig orða þannig að námsgreinin skiptist í þekkingu, tækni og skilning á málsniði eða þá dómgreind sem birtist í málnotkun (bls. 15). Víða er vikið að þessum ramma án þess þó að umfjöllun um hann sé jafn ítarleg og búast hefði mátt við í umfangsmikilli rannsókn sem byggð er á honum. Úr því hefði mátt bæta, til dæmis með því að gera betur grein fyrir umfjöllun Kristjáns Kristjánssonar sem vísað er til í fyrsta kafla eða leita fanga annars staðar. Tekið

er fram að aristótelísk menntunarfræði hafi verið gagnrýnd fyrir að tengjast ekki nægilega vel öðrum kenningum um menntunarfræði en jafnframt er því haldið fram að hún dugi vel í þessari rannsókn. Þótt ramminn sé settur í samhengi við viðfangsefni rannsóknarinnar vaknar sú hugsun að hann hafi verið valinn til þess að hafa einhvern ramma frekar en vegna þess hve vel hann hæfi viðfangsefninu.

Fjallað er ítarlega um framkvæmd rannsóknarinnar í 2. kafla. Rannsóknarsniðið var hefðbundið og gögnum safnað með vettvangsheimsóknnum, viðtölum og greiningu fyrir- liggjandi gagna. Gagnasöfnun stóð yfir frá hausti 2013 til hausts 2015 og var gögnum safnað í 15 skólum, í 3., 6. og 9. bekk í níu grunnskólum og á 1. og 3. ári í fimm framhalds- skólum. Skráðar voru 165 vettvangslýsingar og tekin viðtöl við stjórnendur, kennara og nemendur. Þess er getið að gögn rannsóknarinnar hafi ekki öll verið notuð í bókinni en gera megi ráð fyrir að þau verði nýtt frekar og að þau verði gerð aðgengileg öðrum rann- sakendum á vettvangi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, t.d. meistaranemendum. Velta má fyrir sér gildi slíkra gagna, bæði vegna þess að gögn af þessu tagi eldast stundum illa og gagnaöflun er þáttur í mikilvægu lærdómsferli háskólanema.

Í bókinni er víða vikið að skorti á rannsóknnum á rannsóknarsviðinu. Jafnframt er fjallað um sérstöðu þessarar rannsóknar sem ætlað er að bæta úr skortinum. Tekið er fram að íslenskukennsla hafi ekki verið rannsökuð áður á þann hátt sem gert er í þessari rannsókn og að sérstaðan felist í því að horft sé í senn til íslensku sem námsgreinar og til kennsluáðferða enda rannsakendur með sérþekkingu á ýmsum sviðum íslenskra fræða. Ekki hafi einungis verið horft til íslensku sem námsgreinar heldur einnig sem kennslutungu. Því hafi gagna verið aflað í ýmsum öðrum greinum en íslensku, meðal annars almennri kennslu yngri barna, íþróttum og verk- og listgreinum. Höfundar tiltaka það einnig sem sérstöðu rannsóknarinnar að ekki hafi áður tíðkast að spyrja fræðilegra spurninga um skiptingu námsgreinarinnar íslensku í hefðbundna þætti á borð við bókmenntir, málfræði, stafsetningu, lestur, hlustun og áhorf.

Meginrannsóknarspurningarnar voru þrjár:

- Hvaða þekkingu og færni er mest lagt upp úr í íslensku í skólakerfi okkar?
- Að hvaða marki samræmist veruleiki skólastofunnar hugmyndum skólayfirvalda um nám og kennslu íslensku sem móðurmáls?
- Að hvaða marki mætir íslenska kröfum kennara og nemenda sem öflug kennslutunga í grunn- og framhaldsskólum?

Þessum spurningum fylgdi fjöldi undirspurninga þar sem meðal annars var spurt hvað rúmist innan námsgreinarinnar íslensku, hvert inntakið ætti að vera á mismunandi skóla- stigum og hvernig gildi hennar séu skilgreind; einnig hvað íslenskukennsla sé, hvers vegna íslenska sé kennd og hvernig. Þá var spurt hvernig tungumálið dugi til kennslu á dögum rafrænnar miðlunar og hvernig meginmarkmið í aðalnámskrám í íslensku og opinberri málstefnu, þvert á allar stoðir, komi fram í kennslu og skólastarfi.

Meginniðurstöður sem kynntar eru í bókinni eru að miklu leyti í samræmi við það sem hefur komið fram í nýlegum menntarannsóknnum hér á landi, til dæmis þeim sem vísað er til í bókinni, en það rýrir ekki gildi þeirra. Kennarar eru sagðir hafa áhyggjur af færni nem- enda á ýmsum sviðum, t.d. í lestri og ritun. Hugtökin læsi og lesskilningur virðast vera á

floti og slök staða nemenda í lestri hefur áhrif á starfið á báðum skólastigum. Námsgreinin íslenska er ekki ofarlega á vinsældalista nemenda, lítið fer fyrir málfræðikennslu á framhaldsskólastigi, nemendur sjá lítinn tilgang í að tileinka sér málfræðihugtök og námsbækur á framhaldsskólastigi eru margar komnar til ára sinna. Bókakostur skólanna er rýr og skólabókasöfn vannýttur auður. Þá styðja niðurstöðurnar áhyggjur af neikvæðum áhrifum farsímanotkunar á skólastarfið. Umfjöllun um ritun og stafsetningu er rýr en hana hefði ef til vill mátt dýpka með því að tengja efnið niðurstöðum umfangsmikillar úttekta á ritunarkennslu í grunnskólum sem Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir unnu fyrir mennta- menningarmálaráðuneytið (2012). Hennar er ekki getið í bókinni.

Fram kemur að vísbendingar um að íslensk tunga dugi illa til síns brúks í kennslu hafi verið litlar en um þá hlið íslensku hefur ekki verið fjallað áður í rannsóknum. Ólíklegt er að tillögur höfunda um lista yfir þær bókmenntir sem skuli vera á dagskrá í bókmenntakennslu, svokallaðan bókmenntakanón, hljóti almennan hljómgrunn meðal skólafólks, en velta má því fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að hin sögulega vídd bókmennta eigi undir högg að sækja í íslenskukennslu. Ábending um að skilgreining á hugtakinu læsi í aðalnámskrá veki ákveðinn vanda er athyglisverð en þar er gert ráð fyrir að grunnþátturinn læsi feli bæði í sér lestur og ritun. Hins vegar eru hæfniviðmið í ritun tilgreind sérstaklega og hæfniviðmið í bókmenntum og lestri sett undir sama hatt.

Höfundar taka fram í upphafi bókarinnar að þeim finnist vanta heildarsýn á námsgreinina. Hafi þessari bók verið ætlað að bæta úr því hefði þurft að huga að heildstæðari framsetningu niðurstaðna. Með því að skipta efninu niður á þann hátt sem gert er og fjalla um hvern námsþátt greinarinnar í sérstökum köflum næst ekki sérlega góð heildarsýn. Þannig er ekki að finna neina heildarsýn á námsefni og notkun þess, á námsmat, kennsluaðferðir, heimanám eða kennaramenntun – og ekki heldur á inntak námsgreinarinnar almennt. Fullyrðing um að stefna yfirvalda í íslenskukennslu hafi verið afar almenn, að ekki sé sagt laus í reipunum (bls. 21), er hæpin og líklega mætti frekar segja að stefnan hafi verið nokkuð skýr en að henni hafi ekki verið fylgt eftir. Á það er meðal annars bent í doktorsritgerðum Rúnars Sigbórssonar (2008) og Svanhildar Kr. Sverrisdóttur (2014).

Von höfunda um að bókinn verði innlegg í nýja umræðu um íslenska tungu, menningu og skólastarf líðandi stundar og hvati til frekari rannsókna og þróunarstarfs í skólum og kennaramenntun er bæði metnaðarfull og virðingarverð. Áhugavert er að svo margir fræðimenn leiði saman hesta sína og samstarf um rannsóknir af þessari gerð er fátítt hér á landi. Yfirlýsingar um sérstöðu rannsóknarinnar í upphafi bókarinnar og víðar vekja hins vegar væntingar um eitthvað nýtt og einstakt, eitthvað frumlegt sem ekki hefur verið gert eða sagt áður og muni auka skilning lesandans á viðfangsefninu. Bókinn stendur ekki sérlega vel undir slíkum væntingum. Ef til vill má þó segja að niðurstöðurnar almennt gefi tilefni til að skoða sérstaklega kennsluhætti í kennaranámi og huga að því hvort þar sé pottur brotinn en ekki fyrst og fremst í skólastarfinu sjálfu, eins og niðurstöðurnar virðast gefa til kynna.

HEIMILDIR

- Rúnar Sigbórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum* (doktorsritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/1973>
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2014). *Ef að er gáð: Afdrif aðalnámskrár í íslensku á ungl-ingastigi grunnskóla og í framhaldsskóla* (doktorsritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/21193>
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir. (2012). *Úttekt á ritunarkennslu í tólfgrunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6979/utt_ritunarkennsla_grsk_2012.pdf?sequence=1

UM HÖFUNDINN

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (svanhildur@malborg.is) er doktor í menntunarfræði. Hún er sjálfstætt starfandi fræðimaður og formaður Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Sérsvið hennar er kennsluhættir og íslenskukennsla. Svanhildur hefur reynslu af kennslu á öllum skólastigum, stjórnslu, ritstjórn, verkefnisstjórn og náms-efnisgerð.